

# STARFSLEYFI

fyrir bensínafgreiðslustöð

## N1 ehf. Bensínstöð / Þjónustustöð

kt. 4110033370

Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 6. júlí 2022 til 5. júlí 2026

Leyfið er útgefið með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

### Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs bensínstöðvar. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um starfsleyfisskyldu vísast til ákvæðis í 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, og lið 7.8, um bensínstöðvar, í X. viðauka sömu reglugerðar. Fastanúmer húsnæðis:

### Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- Ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit,
- Ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, geymslu og flutning í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifum lóðar,
- Auglýsingu nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvarna.

### Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem koma í sértækum starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar fyrir bensínstöðvar uppfærð 10. ágúst 2022, sbr. *fylgiskjal 1*.

### Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning eða eigandaskipti fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geti ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd

Kópavogur, 11. ágúst 2022



# Starfsskilyrði fyrir sjálfsafgreiðslu bensínstöðvar

Starfsskilyrðin taka mið af að teikningar af aðstöðu og búnaði hafi fengið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Endurskoðað 10. ágúst 2022

## Sértæk skilyrði

### Innra eftirlit

Starfrækja skal og viðhalda rekstrarhandbók og viðbragðsáætlun sbr. ýmiss ákvæði í IV kafla reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### Viðbragðsáætlun og viðbrögð við mengunaróhöppum

Viðbrögð við mengunaróhöppum skulu vera í samræmi við samþykktu viðbragðsáætlun fyrirtækisins vegna mengunaróhappa. Verði olíuslys eða önnur mengunaróhöpp, sem starfsmenn geta ekki þegar leyst, skal kalla á aðstoð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í gegnum neyðarsímamann 112.

Öryggi fólks skal ávallt vera í forgangi.

Viðbrögðum við mengunaróhöppum skulu miða að því að lágmarka skaða í umhverfi.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll mengunarslys.

### Vöktun

Lekavarnir geyma og birgðastaða skal vakta reglulega og niðurstöður færðar í rekstrarhandbók.

Olíuskilja skal yfirfarin, þjónustuð og mældur vökví a.m.k. mánaðarlega með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 ppm (mg/kg). Rekstraraðili skal láta mæla virkni skilju þriðja hvert ár.

Sjálfvirkur búnaður, s.s. nemar, lokar o.h. skal prófaður a.m.k. árlega.

### Umhverfisábyrgð og ábyrgðartrygging

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Leyfishafi skal hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gild, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um verndun hafs og stranda.

### Mengunarvarnir

1. Allur búnaður skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Öllu viðhaldi og endurbótum á stöðinni skal þannig háttað að hvorki umhverfisvarnir né mengunarvarnir skerðist frá því sem nú er samþykkt.

Engir eldsneytisgeymar skulu vera ofanjarðar á stöðinni.

2. Viðhald skal framkvæmt með þeim hætti að ekki hljótist mengun af.
3. Fyrir stöðina skal vera tiltæk viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sbr. gr. 37 í reglugerð nr. 884/2017. Í viðbragðsáætlun skal m.a. eftirfarandi koma fram:
  - a) Köllunarskrá vegna óhappa og slysa.
  - b) Fyrstu aðgerðir og tiltækur búnaður til að hefta útbreiðslu mengunar.
  - c) Áætlun um framhaldsaðgerðir og hreinsun.
  - d) Ákvæði um mat á viðbrögðum og endurskoðun viðbragðsáætlunar og/eða búnaðar.
  - e) Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk á stöðinni og hjá þeim er annast öryggismál stöðvarinnar.

4. Samskeyti áfyllingarönglu olíuflutningsbifreiðar og áfyllingarstúts skulu vera þétt og áfylling skal vera með sjálfrennsli. Olíubílstjóri er ábyrgur fyrir því að rétt sé staðið að áfyllingu tanka og skal ávallt vera viðstaddur á meðan áfylling fer fram. Þar sem ekki er sjálfrennsli- og áfyllingaöryggisbúnaður til staðar skal bílstjóri ávallt mæla birgðastöðu í tanki fyrir áfyllingu.

5. Vegna stöðvarinnar skal halda rekstrarhandbók í samræmi við gr. 38 í reglugerð nr. 884/2017 og skal hún tiltæk eftirlitinu. Í rekstrarhandbók skal m.a. skrá:
- Allar breytingar sem gerða hafa verið á viðbragðsáætlun vegna mengunar-óhappa svo og prófanir á henni.
  - Upplýsingar um hreinsun á olíuskilju (og olíusorageymi).
  - Hreinsun geyma.
  - Prófanir á mælitækjum, skynjunar- og viðvörunarbúnaði og yfirfyllingarvörnum.
  - Upplýsingar um þjálfun starfsmanna, sbr. ákvæði 36. gr. reglugerðar nr. 844/2017.
  - Öll mengunaróhöpp sem eiga sér stað.
  - Upplýsingar um reglulegt eftirlit, a.m.k. mánaðarlegt, með olíuskiljubúnaði og oftár ef þurfa þykir þannig að virki búnaðar sé tryggð eins og til er ætlast.
6. Að minnsta kosti mánaðarlega skal kanna hvort leki hafi átt sér stað með því að skoða í eftirlitsbrunna lekavarna og mæla birgðastöðu í tönkum.
7. Rekstraraðili bensínstöðvar þarf ávallt að geta sýnt fram á tryggan aðgang að tæknimönnum (sjá ákvæði um viðbragðsáætlun) með tilheyrandi búnaði til að takast á við þau bráðamengunaróhöpp er ætla má að geti orðið á bensínstöð.
8. Á afgreiðsluplani skal koma fyrir á áberandi stað leiðbeiningum til viðskiptamanna varðandi notkun búnaðar sem og upplýsingar um vaktsíma verði mengunaróhöpp.
9. Afgreiðslu- og áfyllingarplan skal þrifið reglulega.
10. Verði nálæg starfsemi eða íbúar í nágrenninu fyrir óþægindum svo sem vegna loftmengunar ber að gera viðhlítandi ráðstafanir til úrbóta t.d. að koma upp búnaði sem tekur við menguðu lofti frá birgðageymum við áfyllingu.
11. Verði starfsemi stöðvarinnar hætt, ber að tæma alla birgðatanka og fjarlægja innan 6 mánaða.
12. Starfsleyfið í heild sinni skal ávallt vera tiltækt þeim sem þjónustar stöðina og þeim sem óska eftir að fá að sjá það.
13. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að stöðin starfi í samræmi við skilyrði þessi.

Heilbrigðisnefnd  
Kópavogur, 11. ágúst 2022

